

Tillaga

Bæjarstjórn samþykkir að fela fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar að skoða heildstæða nýtingu húsnæðis á Garðatorgi 1 þar sem annars vegar verði mótuð tillaga að áframhaldandi uppbyggingu Hönnunarsafns Íslands í húsinu og hins vegar tillaga að því hvernig nýta megi betur önnur rými á 2. hæð, jarðhæð og í kjallara hússins ásamt aðliggjandi yfirbyggðri göngugötu undir fjölbreytta menningarstarfsemi fyrirtækja og félagasamtaka á sviði lista og menningar, Ungmennahús, frístundastarf fatlaðs fólks og samkomustað fjölskyldna í bænum.

Stefnt skal að því að tillögur fræðslu- og menningarsviðs ásamt greiningu stofnkostnaðar og reksturskostnaðar valkosta liggi fyrir eigi síðar en í lok apríl 2021.

Greinargerð

Þann 1. janúar 2007 tók Garðabær við rekstri og stjórn Hönnunarsafns Íslands. Hönnunarsafnið starfar sem stofnun á vegum bæjarfélagsins og ber safnið ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknum og miðlun á þeim þætti menningarsögu Íslendinga sem lýtur að hönnun, einkum frá aldamótunum 1900. Á undanförunum árum hefur starfsemi safnsins á sviði stafrænnar menningar eflst, safnið stendur fyrir vönduðum viðburðum fyrir börn og á árinu 2019 tók Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins til starfa fyrir ungmenntu á aldrinum 13-16 ára.

Allt frá árinu 2015 hafa fulltrúar Garðabæjar, með hléum, átt viðræður við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis um hvernig leysa megi húsnæðismál Hönnunarsafnsins en hætt var við að reisa nýja safnbyggingu í kjölfar hrunsins árið 2008. Gengið er út frá því að ákvæði í samkomulagi aðilanna frá árinu 2006 um stofnframlag ríkisins vegna safnbyggingar sé enn í fullu gildi og að það framlag ríkisins framreiknað til verðlags 2021 fari til uppbyggingar safnsins á Garðatorgi 1, s.s. til að bæta aðgengi að safninu, auka öryggi muna, stækka rými fyrir sýningar og innrétta fjölnotasal. Einnig hefur verið til umræðu ráðstöfun styrktar- og rekstrarframlags í fjárlögum til starfsemi Hönnunarsafnsins.

Markmið með úttektinni er annars vegar að undirbúa stækkun Hönnunarsafnsins í núverandi húsnæði og hins vegar að auka menningarlíf og þjónustu á Garðatorgi enn frekar með vísi að Blackbox rými; t.d. með Ungmennahúsi, bættri aðstöðu fyrir leiklist, myndlist og aðrar listgreinar ásamt aðstöðu fyrir frístundastarf fatlaðs fólks. Mikilvægt er að úttektin sé unnin í fullu samráði við húseiganda og aðra hagaðila í húsinu m.a. með tilliti til þátttöku í breytingum á húsnæði.

Með bættum húsakosti Hönnunarsafnsins á Garðatorgi 1 með betri og varanlegri sýningar- og geymsluaðstöðu, aðgengi fyrir alla og bættri ásýnd, þróun Ungmennahúss fyrir 16 ára og eldri og aukinni aðstöðu fyrir menningu, listir, frístundir fatlaðs fólks og samveru fjölskyldunnar er stuðlað að áframhaldandi uppbyggingu öflugs miðbæjar Garðabæjar á Garðatorgi í sambýli við þá verslun, þjónustu og íbúðarbyggð sem þar er til staðar nú.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs
Björg Fenger, formaður íþróttá- og tómstundaráðs
Gunnar Valur Gíslason, formaður menningar- og safnanefndar